

1. Fundur stýrihóps um bættar starsfaðstæður í leikskóla 12. Desember 2017
Kl. 8.30

Mættir: Hörður Svavarsson formaður, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Svava Bjög Mörk, Haraldur F. Gíslason, Fanney Dóróthe Halldórsdóttir og Jenný D. Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

- Haraldur fór yfir glærur sem hann er búinn að taka saman varðandi:
 - Tölur um vöntun á leikskólakennurum er með tölur frá 2012, mikilvægt er að uppfæra þessar tölur því væntanlega hefur leikskólakennurum fækkað enn frekar. Engin endurnýjun og hlutfall leikskóla í stærri sveitarfélögum er mjög lágt t.d í Reykjavík er það 28% og jafnvel komið niður fyrir það. Kópavogur 35% og Hafnarfjörður 33%.
 - Í kerfinu eru einhversstaðar á leiðinni um 300 nemar en þetta tekur langann tíma fyrir fólk að ná sér í leyfisbréf því allflestir eru að taka þetta með vinnu. Það þarf að byggja ofan á þetta og fjölga nemum enn meira. Umræða var í framhaldinu varðandi námið í HA og HÍ. Hugmyndir um kandítasár, vettvangstímabil.
 - Raunveruleikinn á hverju hausti „mannekla er mest í Reykjavík“
 - Hlutfallslega fleiri leikskólakennarar leita til Virk. sýndi glæri um skipting milli skólastiga einstaklingar í þjónustu Virk.
-
- Hvernig aukum við nýliðun.

Fjóri þættir

1. Laun þurfa að vera samkeppnisfær við aðra sérfræðinga (tengist kjarasamningum)
Sýndi launatöflur og laun leik og grunnskólakennara eru alveg á pari.
Regluleg laun og heildarlaun samkv. hagstofunni 552 þús
Laun á amenum vinnumarkaði.
2. Fækka þarf börnum í rými og á hvern starfsmann (tengist lögum og reglugerðum). Ekki saminð um slíkt í kjarasamningum, stoð í lögum um leikskóla, skilgreint í reglugerð 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla

Barngildi voru tekin út þegar nýju lögin voru samþykkt árið 2008. Þau eru ennþá á flestum stöðum notuð sem viðmið. Þegar barngildin komu inn í á sínum tíma fjölgaði börnum töluvert. Að taka þau út úr lögunum var tilraun til að snúa við þróuninni.

3. Fjölga undirbúningstímum (Tengist kjarasamningum) Fjölga undirbúningstímum: 1. Hægt að semja um í kjarasamningum eða fjölga í hverju sveitarfélagi fyrir sig
2. Samninganefnd FL hefur farið með kröfu um fjölgun undirbúningstíma í öllum kjarasamningum síðan 2011.

3. Ekki náðst sátt um málið vegna kostnaðar.

4. Færa starfsumhverfið nær því sem þekkist á öðrum skólastigum hvað varðar vinnutíma og starfstíma (Tengist kjarasamingum)

Undirbúningur í leikskóla er miklu miklu minni en í grunnskóla Haraldur útskýrir. 19 klst. og 49.2 mín í undirbúning og önnur fagleg störf á viku. Himinn og haf sem er á milli skólastiganna . einn af þessum starfskjarabáttum sem horft er til á leikskólastiginu. – þetta eru starfsaðstæður.

- Færa starfsumhverfið nær því sem þekkist á öðrum skólastigum
- Tölur frá OECD sýna að árlegur starfstími leikskólakennara á Íslandi er með því lengst sem þekkist í heiminum. Tími með börnum á ári eru 1498 og svo tími með börnum á dag er 6.60.
- Karellen bíður hún upp á einhverja tölfræði til að taka saman vistunartímann hjá börnum, meðaltal ath hjá Karellen. Jenný athugar
- Börn eru í grunnskóla í 37 vikur á ári leikskólabörn eru 48 vikur á ári.
- Ein nálgun væri stytta vinnuviku úr 40 stundum í 35.
- Atvinnulífð það er mikil krafa á styttingu vinnuvikunar hjá nær öllum starfsstéttum. Margar rannsóknir sýna að framleiðni fer ekkert endilega eftir þeim fjölda stunda sem þú ert í vinnunni. Það væri auðveldlega hægt að búa til kerfi þarf sem að barnafólk gæti valið að vinna áfram 40 stundir þegar búið væri að stytta vinnuvikuna og safna upp frídögum.
- Ef aldrei er kjarkur til að far aðgerðir sem skipta máli, lagast að sjálfsögðu aldrei neitt.
- 37,14 dekkar jólafrí og dymbilvikur.
- Gætum við gert eitthvað hér sem væri sett í framkvæmd sem fyrsta skref varðandi styttingu vinnuvikunnar.
- Leggja fram tillögur sem skipta máli og getra leysti vandann þe starfshópurinn. Munum aldrei hvað pólitíkin gerir en við sem hópur getum lagt ýmislegt til.
- Getum haft áhrif á þessa fjóra þætti sem lagðar eru til.
- Mikilvægast er að kortleggja vandann. Sveitarfélagið getur svo ákveðið hvað það leggur í.
- Stóri vandinn er að bæta nýliðun en það variður ekki gert nema að bæta starfsaðstæður.

Næstu fundir

Fundur í stýrihóp verður haldinn þann 2. Janúar 2018

Fundur í starfshópi verður 9 jan. Fundur hjá stýrihópi 16. Jan.

Aukafundur haldinn þann 20. des með fyrirvara til þess að fara yfir glærur með fulltrúa leikskólastjóra, fulltrúa foreldra og fulltrúa leikskólakennara.

Fundi slitið 10:15.